

Stjórnarfundur Geðhjálpar miðvikudaginn

18.mars kl. 16:00

Mætt: Grímur Atlason, Hallgrímur Hrafnsson, Jón Ari Arason, Sigmar Þór Sigmarsson, Sigrún Sigurðardóttir, Svava Arnardóttir og Sigurborg Sveinsdóttir ritaði fundargerð

1. Fundargerð frá 11. febrúar 2026

Samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Ýmis verkefni og fundir farið fram vegna stofnun Skjólhús. Búið er að skrifa undir kaupsamning á einbýli að Klapparbergi 31. Grímur var með fyrirlestur fyrir geðhjúkrunarnema á dögnum. Mikill undirbúningur fór í skipulagningu Bandríkjaferðar.

3. Áfall hvað svo

Sigrún varamaður í stjórn og sagði okkur frá hvernig hefur gengið með bókina *Áfall hvað svo*. Mjög vel tekið í bókina og hefur Sigrún fengið tækifæri til að fara í ýmis viðtöl. Bókin er mjög aðgengileg og mikilvæg inn í umræðu um áhrif áfalla.

4. 10. október – kynning

Orri Hilmarsson ásamt stjórnarfólki 10.október kom í heimsókn á fundinn að kynna verkefnið. Stjórn mun funda aftur með hópnum.

5. Ársreikningur 2025

Farið yfir ársreikning. Stjórn samþykkti hann og skrifaði undir.

6. Aðalfundur 2026

Aðalfundur verður 25. mars 2026 klukkan 16:00 í húsi Geðhjálpar. Farið yfir praktísk mál vegna fundar.

ACH M

SS

SA

7. Fordómaviðburðaröð

Tveir viðburðir eru eftir í viðburðaröð um fordómarannsókn þá er Sigrún Ólafsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Kári Kristinsson framkvæmdu fyrir Geðhjálp. Sá fyrri verður þann 21. apríl og snýr að einstaklingum sem fremja afbrot og sá síðari áætlaður þann 12. maí en þar verður leitast við að skoða orsakir fordóma.

8. ÖBÍ

Formaður fór yfir sögu þess að Geðhjálp tók ákvörðun um að ganga úr ÖBÍ fyrir fjórum árum. Hvað hafi breyst á þeim tíma og hvernig staðan væri í dag. Umræður um kosti þess og galla fyrir Geðhjálp að standa utan ÖBÍ. Umræðum verður áframhaldið eftir aðalfund og þá skoðað hvort taka eigi upp viðræður við ÖBÍ um að Geðhjálp gangi aftur til liðs við bandalagið.

9. Varafulltrúi í geðráð

Stjórn ákvað að ef formaður kemst ekki á fund Geðráðs þá komi varaformaður í hans stað.

10. Önnur mál

Hallgrímur: Ræddi um möguleika þess að Geðhjálp stæði fyrir Krísukaffihúsi á Menningarnótt. Stjórn á því að þetta væri góð hugmynd og fól framkvæmdastjóra að leiða verkefnið og kanna möguleika.

Svava: Minnr á fund 8. apríl með grasrótahópnum, þar sem farið verður yfir lærdóm frá Bandaríkjaferð.

Grímur: Sagði frá húsnæði við Suðurlandsbraut 18 sem hann, Svava og Guðný hefðu skoðað. Hugmyndin væri að flytja skrifstofu Geðhjálpar þangað og vera þar með þroskahjálp og Einhverfu samtökunum. Leiga væri hagstæðari en í núverandi húsnæði og samlegðarmöguleikar meiri. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri segi upp núverandi leigu og undirbúi flutning að Suðurlandsbraut.

Fundi slitið kl. 17:53

Sveir Arnardóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Jón Gunnar Bernburg
Hallgrímur Hrafnsson